

Bæjarráð - 1238 (17.4.2023) - Hjólagrindur við Vestrahús

Málsnúmer : 2023040025

Málsaðili : Háskólasetur Vestfjarða ses

Niðurstaða (stutt) : Lagt fram

Fundardagur : 17.04.2023

Inngangur : Lagt fram bréf Peter Weiss, f.h. fulltrúa þeirra stofnana sem eru til húsa í Vestrahúsi, dagsett 28. mars 2023, þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp hjólagrindur á gangstétt við Vestrahús, að stofnanir/fyrirtæki Vestrahúss kaupi grindurnar, en sveitarfélagið sjái um uppsetningu þeirra. Jafnframt er farið fram á heildarskipulagningu svæðisins fyrir framan Vestrahús/Háskólasetur og nefndir ýmsir þættir sem hafa þarf í huga við skipulagið.

Niðurstaða : Bæjarráð fagnar framtakinu, en telur gangstéttir ekki hentugan stað, og heimilar því að hjólagrindur verði settar upp á bílastæðum fyrir framan Vestrahús. Öðrum ábendingum er vísað til deiliskipulagsvinnu á Suðurtanga.